



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

**LANDVARÐARHÚS**

**BLÁGILJUM**

**SKILAMAT**

**DESEMBER 2014**

# EFNISYFIRLIT

<b>ALMENNT UM SKILAMAT .....</b>	<b>1</b>
<b>1.0 UNDIRBÚNINGUR .....</b>	<b>1</b>
1.1 Lýsing verkefnis .....	1
1.2 Frumathugun.....	1
1.3 Áætlunargerð .....	2
1.4 Áætlun um stofnkostnað .....	3
1.5 Áætlun um rekstrarkostnað .....	3
1.6 Áætlun um fjármögnun.....	3
<b>2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD .....</b>	<b>4</b>
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar .....	4
2.2 Framvinda .....	5
2.3 Eftirlit og úttektir .....	6
<b>3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR.....</b>	<b>7</b>
3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir.....	7
3.2 Heildarkostnaður.....	8
3.3 Samanburður við áætlun.....	9
3.4 Einingarkostnaður og stuðlar .....	10
<b>4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>11</b>
4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir .....	11
4.2 Árangur framkvæmdarinnar .....	11
4.3 Heimildaskrá .....	12
4.4 Staðfesting skilamats .....	12

## ALMENNT UM SKILAMAT

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra, og er þetta skilamat unnið eftir þeim reglum.

## 1.0 UNDIRBÚNINGUR

### 1.1 Lýsing verkefnis

Í þessu skilamati verður gerð grein fyrir byggingu landvarðahúss í Blágiljum á Lakasvæðinu sem byggt var á árunum 2009 – 2010. Verkkaupi var Vatnajökulsþjóðgarður og var verkið undirbúið samhliða hönnun Snæfellsstofu við Skriðuklaustur

Húsið í Blágiljum verður aðstaða landvarðar á vestursvæði þjóðgarðsins og er liður í uppbyggingu aðstöðuhúsa á þjónustusvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd verkkaupa á stigi frumathugunar, áætlunargerðar, verklegar framkvæmdar og skilamats.

Guðbjartur Á. Ólafsson hjá FSR var verkefnisstjóri verkefnisins á öllum stigum þess.

### 1.2 Frumathugun

Í lok árs 2005 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að ljúka undirbúningi að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Nefndin lauk störfum í lok árs 2006 og skilaði niðurstöðum sínum í formi skýrslu.



Mynd 1: Byggingarsvæðið í Blágiljum

Þar segir að hluti af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sé að koma upp neti upplýsinga- og þjónustustöðva innan þjóðgarðsins. Þjónustunetið byggist á þremur einingum, þ.e. gestastofum, sem jafnframt eru skrifstofur þjóðgarðsvarða, starfsstöðvar landvarða og upplýsingastöðvar. Einnig er tekið fram að markmið stofnunarinnar náist ekki nema að uppbygging þjónustunetsins sé tryggð. Gerð er tillaga að tímasettri framkvæmdaáætlun fyrir einstaka þætti þjónustunetsins, þar sem fram kemur að heildarframkvæmdin gæti tekið 5 ár og heildarkostnaður numið um 1.150 milljónum króna.



Mynd 2: Gangnamannaskálinn gamli í Laka

Allt frá því að Vatnajökulsþjóðgarður tók við vörslu Laka af Umhverfisstofnun árið 2008 hefur verið stefnt að því að byggja nýtt íveruhús fyrir landvörð svæðisins, en hann hefur hafst við í gömlum vegavinnuskúr í Blágiljum.

Nýja húsinu var einnig valinn staður í Blágiljum, en þar er fyrir tjaldsvæði og gangnamannaskáli í eigu Skaftárhrepps.

Einn landvörður hefur verið í Laka fram að þessu, en stefnt er að fjölgun þeirra, einkum ef af stækkun þjóðgarðsins verður á þessu svæði.



Mynd 3: Séð yfir Blágil og fyrirhugað húsnaði

### 1.3 Áætlunargerð

Innifalið í samþykktri framkvæmdaáætlun fyrir einstaka þætti þjónustunets Vatnajökuls-þjóðgarðs er rammisamningur sem nær til fjögurra gestastofa auk minni bygginga fyrir landverði og annarra smærri bygginga. Þjóðgarsvörður, fyrir hönd verkkaupa, gerði verkkaupasamning við Framkvæmdasýslu ríkisins, sem byggði á fyrrnefndri framkvæmdaáætlun. Áætlunargerð við fyrsta landvarðahúsið hófst í kjölfarið.

Húsið er hannað af arkitektastofunni Arkís ehf., en Arkís vann fyrstu verðlaun í hönnunarsamkeppni um heildarhugmyndir húsa innan þjóðgarðsins árið 2008.

Markmiðið var að hanna sjálfbært hús með tilliti til orkunotkunar, frárennslis og viðhalds, sem nýst gæti Vatnajökulsþjóðgarði á fleiri stöðum innan garðsins. Það er byggt upp af einingum sem hægt er að flytja og raða saman á mismunandi hátt, í misstórum einingum eftir umfangi starfseminnar, svo það falli sem best að landslagi á hverjum stað. Húsin skyldu klædd að utan með kortenstáli sem myndar með tímanum náttúrulega ryðbrúna, viðhaldsfría yfirborðsáferð.

Lagt var upp með að nota aðlægt grjót í grjóthleðslur upp að veggjum og palli svo húsin falli sem best inn í landslagið á hverju svæði. Að innan verði veggir og loft klædd með birkikrossviði og furuborð á gólfum.

### Hönnun

Hönnun Blágiljahússins samansendur af einni grunneiningu, íbúð landvarðar (25 m<sup>2</sup>) sem hýsir svefn- og baðherbeggi, eldhús og stofu, verkstæði ásamt geymslu (12 m<sup>2</sup>) og palli sem tengir húsin saman. Gert er ráð fyrir viðbótareiningu með eldunarkrök og setustofu ef landvörðum fjölgar á svæðinu. Hönnun byggingarinnar gefur möguleika á áfangaskiptingu framkvæmdarinnar.

Aðalhönnuður hússins er Birgir Teitsson arkitekt hjá Arkís, Efla ehf. Annaðist burðarvirkeikningar og Verkís sá um rafhönnun.

Áhersla var lögð á einfalt form og efnisval sem fellur vel að staðnum, ásamt því að skapa góða umgjörð um starf landvarða.

Byggingin er timburbygging, klædd að utan með kortensstáli á veggjum og þaki, lerkiklæðning er við inngang og á pöllum. Byggingin og pallar eru afmarkaðir að utan með gabíónum, fylltum með hraungrjóti frá staðnum, en byggingin mun standa í mosabeði. Að innan eru veggir klæddir með hvítuðum birkikrossvið, innréttingar eru einnig í hvítuðum birkikrossvið og á gólfum eru olíuborin birki gólfborð. Utan þjónustutíma er hægt að loka fyrir glugga með hlerum.

Byggingin er hituð upp með metangasi og rafmagn kemur frá metangasi og sólarsellum.

Umsjón með þjóðgarðsvörslu á svæðinu hefur þjóðgarðsvörður vestursvæðis Vatnajökuls-þjóðgarðs og landvörður á Lakasvæðinu, sem nýtir nýju byggingarnar, en dvelur á veturna á Kirkjubæjarklaustri.

Aðalteikningar voru samþykktar af byggingar- og skipulagsnefnd Skaftárhrepps 14. apríl 2009.

#### 1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í nóvember 2009 var eftirfarandi.

Heildarkostnaðaráætlun	m.kr.
Ráðgjöf	2,1
Umsjón og eftirlit	2,0
Verkframkvæmd	25,0
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	1,3
Búnaður og listskreyting	0,05
<b>Samtals</b>	<b>30,45</b>

Allar fjárhæðir í töflunni eru með VSK nema ráðgjöf.

#### 1.5 Áætlun um rekstrarkostnað


Ekki var gerð sérstök áætlun um rekstrarkostnað fyrir þessa tilteknu byggingu.

#### 1.6 Áætlun um fjármögnun

Samkvæmt VK- samningi við Vatnajökulsþjóðgarð greiðir hann verkið inn til FSR eftir framvindu þess á árunum 2009 og 2010. Vatnajökulsþjóðgarður vísar til ramma-samnings um uppbyggingu þjóðgarðsins við umhverfisráðuneytið.



Mynd 4: Aðstöðumynd úr lofti að byggingarreitnum



Mynd 5: Grunnmynd og snið landvarðahúsa í Blágiljum

## 2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

### 2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Í maí 2009 óskaði Vatnajökulspjóðgarður eftir því að FSR aflaði tilboða í smíði og uppsetningu á landvarðahúsi á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs í Blágiljum Vestur-Skaftafellssýslu.

Eftirfarandi verktakar höfðu verið valdir til að gefa verð í verkið:

- Mikael ehf, Hornafirði
- Tröllhamar ehf, Kirkjubæjarklaustri
- RR Tréverk ehf, Kirkjubæjarklaustri
- Víkurhús ehf, Vík
- Naglafar ehf, Hellu

Í útboðsgögnum var tekið fram að tilboð yrðu yfirfarin og niðurstöður sendar bjóðendum, með nafni lægstbjóðenda og tilboðsupphæð

væri birt. Önnur tilboð voru birt án nafns bjóðanda.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs muni síðan taka afstöðu til þess hvort eða með hvaða hætti verði gengið til samninga við lægstbjóðanda í samráði við FSR.

Lægstbjóðandi í smíði og uppsetningu hússins varð RR Tréverk ehf. á Kirkjubæjarklaustri og var tilboð hans 21.202.458 kr. eða 84,8 % af kostnaðaráætlun. Var tilboð hans tekið í september 2009.

Verkaupi fól FSR að gera þrjá verksamninga við lægstbjóðanda og alla með þeim fyrirvara að þegar einum lyki þá gæti næsta áfanga verið frestað.

Fyrsti samningur var um undirbúning og gerð undirstaða kr. 3.304.450, annar um fokhelt húsi með verksmiðjudyr tilbúið til flutninga kr. 10.17.549, og sá þriðji um flutninga og lokafrágang kr. 9.352.878 og var hann samykktur í mars 2010.

Á þessum tíma breyttist virðisaukaskattur úr 25,0% í 25,5% og var verktaka bætt það með 160.746 kr. heildargreiðslu.

## 2.2 Framvinda

Samkvæmt reynslu var gert ráð fyrir að fært væri inn að Blágiljum við Laka í 26. viku sumars og tók verkáætlunin mið af því.

Verktaka bar að skila fyrsta verkáfanga í lok viku 28 eða um mánaðarmót júlí/ágúst 2009 og gekk það eftir við góðar veðurfarsaðstæður við verkstæðisdýr.



Mynd 6: Fyrsta áfanga lokið júlí/ágúst 2009

Annar verkáfanginn var að ljúka við húsinn þannig, að þau væru tilbúin til flutninga inn að Laka í 26. viku 2010.

Blágiljahúsið samanstendur af einni grunn-einingu, það er íbúð landvarðar, og er hún 25 fermetrar, verkstæði ásamt geymslu 12 fermetrar og palli sem tengir húsin saman.

Smíði húsanna hófst eftir áramót 2010 þegar búið var að virkja verksamning tvö.



Mynd 7: Húsin tilbúin til flutnings í júní 2010

Húsin voru tilbúin til flutnings í júní og voru flutt inn á Drekasvæðið miðvikudaginn 23. júní 2010 ásamt kortensstálinu sem ystu klæðningu.

Þá strax hófst lokaáfanginn og gengið frá því við verktaka að þeim áfanga lyki ekki síðar en 1. júlí 2010, sem gekk eftir.



Mynd 8: Verkinu að fullu lokið í júlí 2010

Landvarðarhús í Blágiljum, Vatnajökulsþjóðgarði, var opnað formlega 4. júlí 2010 að viðstöddum umhverfisráðherra og gestum.

Þetta er fyrsta húsið af þessu tagi í Vatnajökulsþjóðgarði, en skálinn verður heimili og vinnustaður fyrir 2 til 3 landverði yfir sumartímann.



Mynd 9: Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra

Uppgjör við verktaka gekk greiðlega. Samningsverðið var 22.64 m.kr og magnbreytingar urðu alls 0,81 m.kr. þannig að

lokagreiðsla til verktaka varð 23,45 m.kr.eða 93,8 % af upphaflegri áætlun.

### 2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit með framkvæmdunum fyrir hönd Framkvæmdasýslunnar hafði Guðbjartur Á. Ólafsson verkefnastjóri FSR.

Samskipti við hönnuði og verkkaupa voru góð og samskipti við verktakann Rúnar Pál Jónsson hjá RR Tréverk ehf. ánægjuleg en honum tókst að ljúka þessu verki við mjög óvenjulegar aðstæður á tilsettum tíma.

Þórður H. Ólafsson þjóðgarðsvörður og Kári Kristjánsson aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar voru góðir samstarfsmenn um framkvæmdina.



Mynd 10: Landvarðahúsin við lokaúttekt

Lokaúttekt fór fram við vígslu húsanna 4. júlí 2010 án athugasemda.



### 3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

#### 3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir

##### Yfirlit áfallins kostnaðar og innborgana

Áfallinn kostnaður			Innborganir til FSR
Ár	Á verðlagi hvers árs kr.	Miðað við BVT 1.7.1987 (100) kr.	Greiðslur verkkaupa verðlagi hvers árs kr.
<b>2009</b>	3.302.466	674.799	0
<b>2010</b>	20.903.303	4.040.847	7.416.108
<b>2011</b>	0	0	16.789.661
<b>Samtals</b>	24.205.769	4.715.646	24.205.769
<b>Innborganir til FSR samtals</b>			24.205.769

Í töflu 3.1 er yfirlit yfir áfallinn kostnað sundurliðaðan eftir árum og innborganir verkkaupa til FSR. Áfallinn kostnaður er annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á byggingarvísitölu 100.

### 3.2 Heildarkostnaður

Sundurliðun kostnaðar		
	kr.	samtals kr.
<b>Samningsverk</b>		
<b>Ráðgjöf</b>		
Hönnun	673.565 *	
Ráðgjöf önnur en hönnun	0	
Kostnaður tengdur ráðgjöf	0	
<b>Kostnaður samtals</b>		<b>673.565</b>
<b>Umsjón og eftirlit</b>		
Umsjón með verkefni	894.744	
Eftirlit með verklegri framkvæmd	0	
<b>Kostnaður samtals</b>		<b>894.744</b>
<b>Verkframkvæmd</b>		
Samningsgreiðslur	21.795.462	
Magnbreytingar	841.998	
Aukaverk	0	
Verðbætur	0	
<b>Kostnaður samtals</b>		<b>22.637.460</b>
<b>Gjöld og rekstur á framkvæmdatíma</b>		
Opinber gjöld	0	
Rekstur á framkvæmdatíma	0	
<b>Kostnaður samtals</b>		<b>0</b>
<b>Búnaður og listskreyting</b>		
Búnaður	0	
Listskeyting	0	
<b>Kostnaður samtals</b>		<b>0</b>
<b>Samningsverk samtals</b>		<b>24.205.769</b>
<b>Viðbótarverk</b>		
Verkframkvæmd	0	
Búnaður	0	
<b>Viðbótarverk samtals</b>		<b>0</b>
<b>Heildarkostnaður</b>		
<b>Heildarkostnaður við Landavardahús í Blágiljum</b>		<b>24.205.769</b>
<b>Heildarkostnaður í m.kr.</b>		<b>24,2</b>

Í töflu 3.2 er heildarkostnaður sundurliðaður eftir kostnaðartegundum. Kostnaður við verkframkvæmd er samantlagðar samningsgreiðslur, magnbreytingar, aukaverk og verðbætur en viðbótarverk eru tilgreind sérstaklega.

\*Aðeins er um að ræða kostnað vegna verkfræðihönnunar

### 3.3 Samanburður við áætlun

#### Samanburður á áætluðum kostnaði og raunkostnaði

	Raunkostnaður á verðlagi hvers árs m.kr.	Áætlun á verðlagi BVT 497 m.kr.	Raunkostnaður á verðlagi BVT 497 m.kr.	Hlutfallslegur mismunur %
<b>Samningsverk</b>				
Ráðgjöf	0,7 *	2,1	0,7	-67% *
Umsjón og eftirlit	0,9	2,0	0,9	-57%
Verkframkvæmd	22,6	25,0	21,9	-12%
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	0,0	1,3	0,0	-100%
Búnaður og listskreyting	0,0	0,1	0,0	-100%
<b>Samningsverk samtals</b>	<b>24,2</b>	<b>30,5</b>	<b>23,4</b>	<b>-23%</b>
<b>Viðbótarverk</b>				
Verkframkvæmd	0,0		0,0	
Búnaður	0,0		0,0	
<b>Viðbótarverk samtals</b>	<b>0,0</b>		<b>0,0</b>	
<b>Heildarkostnaður í m.kr.</b>	<b>24,2</b>		<b>23,4</b>	

Í töflu 3.3 er raunkostnaður sýndur á verðlagi hvers árs og einnig á þeirri vísitölu sem áætlaður kostnaður var settur fram á. Þannig er samanburður gerður á sama verðlagi. Viðbótarverk voru engin.

\* Um er að ræða kostnað vegna verkfræðihönnunar. Kostnaður vegna arkitektahönnunar bókfærður á heildarverkið, verknúmer 614 2021, Gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs.

### 3.4 Einingarkostnaður og stuðlar

#### Einingarkostnaður

	Stærðir	Einingarkostnaður
Á verðlagi hvers árs	m <sup>2</sup>	kr. / m <sup>2</sup>
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	37,7	642.063
<b>Á verðlagi 1. júlí 1987 (bvt. 1987 = 100)</b>		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	37,7	125.083
<b>Á verðlagi 1. janúar 2010 (nýbvt. = 100)</b>		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	37,7	626.793
<b>Á verðlagi í október 2014 (nýbvt. = 120,5)</b>		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	37,7	755.286
<b>Á verðlagi í október 2014 (bvt. 1987 = 603,6)</b>		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	37,7	755.004

Í töflu 3.4 er fermetrastærð flatar sem framkvæmdin náði til og heildarkostnaður á fermetra á mismunandi verðlagi. Efst á verðlagi hvers árs, það er meðaltal verðlags á þeim tíma þegar greitt var, þá verðlag á byggingarvísitölu 100 og neðst í töflunni á verðlagi í útgáfumánuði skilamatsins. Búnaðarkaup voru óveruleg og er þeim því sleppt við samanburð þennan.

#### Stuðlar

Magnbólustuðull	<b>1,039</b>
Aukaverkastuðull	<b>1,000</b>
Viðbótarverkastuðull	<b>1,000</b>

#### Hugtakaskýringar vegna stuðla

**Magnbólustuðull** er mælikvarði á nákvæmni magntalna í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna magnbreytinga og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e.  $MS = 1 + \text{kostnaður vegna magnbreytinga} / \text{samningsfjárhæð}$ .

Stuðullinn verður því einn ef engar magnbreytingar eiga sér stað, hann verður stærri en 1 ef magn eykst við framkvæmd verksins og minni en 1 ef magnminnkun verður.

**Aukaverkastuðull** er mælikvarði á nákvæmni eða gæði útboðsgagna en aukaverk eru skilgreind sem sá aukakostnaður sem verður til í hverju verki vegna ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna aukaverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e.  $Aukaverkastuðull = AS = 1 + \text{kostnaður vegna aukaverka} / \text{samningsfjárhæð}$ .

Stuðullinn verður því einn ef engin aukaverk eru framkvæmd og hann verður stærri en 1 ef stofnað er til aukaverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull verður aldrei minni en 1.

**Viðbótarverkastuðull** er mælikvarði á gæði undirbúnings verksins en viðbótarverk eru skilgreind sem sá viðbótarkostnaður sem til verður í hverju verki vegna ákvarðana verkkaupa um breytingar (viðbætur) á verkinu á

framkvæmdatíma. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna viðbótarverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e.

Viðbótarverkastuðull =  $VS = 1 + \text{kostnaður vegna viðbótarverka} / \text{samningsfjárhæð}$

Stuðullinn verður því einn ef engin viðbótarverk eru framkvæmd og hann verður stærri en 1 ef stofnað er til viðbótarverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull getur orðið minni en einn ef verkkaupi tekur ákvörðun um að breyta verki til kostnaðarlækkunar, t.d. með því að gera minni kröfur til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu.

## 4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

### 4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir

Við samanburð á kostnaði við mismunandi framkvæmdir á ólíkum tímum er algengt að bera saman kostnað á stærðareiningu. Sá samanburður segir til um hagkvæmni í hönnun og framkvæmd þegar bornar eru saman álíka stórar byggingar til sömu eða svipaðra nota. Almenn tækkar kostnaður á stærðareiningu eftir því sem framkvæmd er stærri og þó einkum með stækkandi rýmum í byggingum.

Mjög erfitt er að finna sambærilega framkvæmd vegna smæðar húsanna og staðsetningar þeirra, þannig að leggja verður mat á árangurinn með öðrum hætti. Hér er heildarkostnaður borinn saman við áætlun.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarkostnað á m<sup>2</sup> án búnaðar miðað við byggingarvísitölu 100 í júlí 1987.

Bygging	Stærð í m <sup>2</sup>	Kostn./m <sup>2</sup>
Heildaráætlun	37,7	136,344
Reyndarkostnaður	37,7	125,083 *
<b>Verkefni</b>	<b>100%</b>	<b>91,75%</b>

\*Kostnaður vegna arkitektahönnunar ekki innifalinn

### 4.2 Árangur framkvæmdarinnar

Eins og fram kemur í töflu 3.2 var heildarkostnaður 24,2 m.kr. á verðlagi hvers árs.

Í töflu 3.3. kemur fram að áætlað var að verkið kostaði samtals 30,45 m.kr. og raunkostnaður samningsverksins á sama verðlagi var 23,4 m.kr. en það er 91,75% af áætlun.

Í töflu 3.4. eru stuðlar sem greina hlutfallslegan kostnað og kemur þar fram að smávægileg magnaukning varð í verkinu eða 0,84 m.kr. Aukaverk voru engin og ekki heldur voru unnin viðbótarverk.

Fjárhagslegur árangur er góður.

Framkvæmdin sjálf tókst vel. Góður verktaki kom að verkinu sem leysti verkefnið vel og án nokkurra vandkvæða.

Samskipti við hönnuði voru góð og hönnun húsanna fellur mjög vel að landslagi á þessum viðkvæma stað. Góð samskipti voru við verkkaupa sem hjálpaði til við að láta verkefnið ganga upp.

Verkefnastjórn FSR var markviss og haldið vel um alla þræði verksins.



Mynd 11: Húsin falla vel að landslagi

#### 4.3 Heimildaskrá

Stuðst var við eftirfarandi heimildir:

##### Lög og reglugerð

Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001. Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda nr. 715/2001.

##### Reglur

Reglur um fyrirkomulag skilamats útgefnar af Framkvæmdasýslu ríkisins og staðfestar af fjármálaráðuneyti 21. sept. 2001.

##### Framkvæmdasýsla ríkisins

Öll gögn koma frá FSR og voru vistuð þar undir verkefnisnúmeri verksins og fjárhagsupplýsingar eru sóttar í bókhaldskerfi FSR.

##### Annað

Engin gögn þurfti að sækja út fyrir FSR

#### 4.4 Staðfesting skilamats

Undirrituð staðfestir hér með framanritað skilamat fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri